



Forsætisnefnd  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

### Endurskoðun á samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ný uppljóstrunargátt

Innleiðingaráætlun á sameiningu þriggja eftirlitseininga sem lögð var fyrir borgarráð í júní á síðasta á síðasta ári gerði ráð fyrir því að innri endurskoðandi setti upp sérstaka vefgátt sem traustan farveg fyrir mál sem falla undir lög um vernd uppljóstrara 40/2020. Að baki vernd uppljóstrara liggja þau sjónarmið að það sé mikilvægt að greina frá broti eða ámælisverðri háttsemi, ekki aðeins fyrir starfsemi borgarinnar heldur fyrir samfélagið allt.

Á undanförunum mánuðum hefur Innri endurskoðun unnið að því að því með þjónustu og nýsköpunarsviði að finna lausn sem bjóði starfsfólki upp á traustan farveg til að koma ábendingum á framfæri, en í lögnum er lögð áhersla á að uppljóstrari hafi kost á fleiri leiðum en að miðla til yfirmanns. Niðurstaðan var að semja við GotEthics sem býður upp á örugg samskipti milli uppljóstrara og þess sem tekur við upplýsingum hans. GotEthics býður upp á vefgátt sem gefur mögulegum uppljóstrara tækifæri að miðla upplýsingum til Innri endurskoðunar með öruggum hætti og með þeim valkosti að vera nafnlaus. Umtalsverð reynsla er á norðurlöndunum af GotEthics og er það kerfi m.a. notað af borgararáðgjafa Kaupmannahafnar.

Innri endurskoðun hefur unnið að því að skýra og skerpa alla umgjörð og verkferla uppljóstrunargáttar. Meðal annars hefur verið farið yfir erindisbréf innri endurskoðanda og Innri endurskoðunar (sjá viðauka I) og gerðar viðeigandi breytingar til að treysta málsmeðferð mála sem falla undir uppljóstrun. Meðfylgjandi bréfi þessu er tillaga að endurskoðaðri samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (sjá viðauka II). Helstu breytingu er að finna í kafla V þar sem fjallað er um uppljóstrun og aðrar ábendingar.

Breyting á samþykkt og innleiðing uppljóstrunargáttar hefur verið unnin í samráði við stjórnendur í miðlægri stjórnslu og endurskoðunarnefnd sem fjallaði um málið á fundi sínum og bókaði um nauðsyn þess að yfirfara og breyta samþykkt Innri endurskoðunar vegna nýrra verkefna sem skrifstofunni hafa verið falin og að sú breyting sem lögð er til sé viðeigandi.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd vísi endurskoðaðri samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar til borgarstjórnar til samþykktar. Þegar hún öðlast gildi mun uppljóstrunargáttin verða sett upp á heimsíðu Innri endurskoðunar og innri vef starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst

Hallur Símonarson,

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar